


## Fréttablað febrúar 2020



### Bóndadagur

Góð mæting var af feðrum og öfum á Bóndadaginn og ekki annað séð en að allir hafi verið ánægðir með bæði matinn og þessa góðu samveru. Þessi heimsókn er liður í samstarfi á milli heimilis og skóla og líka gaman að halda í gamlar hefðir eins og Þorrann.



### Samstarf

Í janúar komu Ásta Júlía og Jón, frá félagi eldri borgara, í heimsókn á Tröllaheima. Þau fóru með börnin inn í sal þar sem Jón fór með þeim í ýmiskonar hreyfileiki og Ásta Júlía las fyrir þau bók. Var þetta skemmtileg heimsókn og þökkum við þeim hjónum kærlega fyrir komuna.

### Mömmu og ömmu kaffi

Í tilefni af konudeginum þá er mæðrum og ömmum boðið í heimsókn þann 21. febrúar kl. 14.30-15.30. Við ætlum að gæða okkur á vöflum og eiga notalega stund saman. Gaman væri að fá sem flestar mæður og ömmur í heimsókn við þetta tækifæri.

### Dagur leikskólans og dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar er 7. febrúar og Dagur leikskólans er 6. febrúar í tilefni þessara daga munum við vera með sýningu Undir stiganum á Bæjarbókasafni Ölfuss. Sýningin opnar fimmtudaginn 6. febrúar kl. 15, elstu börn leikskólans syngja við opnunina. Hvetjum við alla sem hafa tök á því að mæta á opnunina en þeir sem ekki komast geta skoðað sýninguna á opnunartíma bókasafnsins út febrúar. Mörg verkanna eru tengd stærðfræði á einn eða annan hátt.



### Bollu-sprengi-og öskudagur

Haldið verður upp á þessa þjóðlegu daga hérna í Bergheimum. Bolludagur er fyrstur þann 24. febrúar og verða þá borðaðar rjómbollur um morguninn og fiskibollur í hádegismat. Á sprengidaginn 25. febrúar ætla nemendur og kennarar að borða á sig gat af saltkjöti og baunum. **Á öskudaginn 26. febrúar væri gaman ef allir mættu í búningi,** og haldið verður ball í salnum. Vinsamlega athugið að **sverð, byssur og önnur vopn eru ekki leyfð.**



## Tannverndarvika

Fyrsta vikan í febrúar er Tannverndarvika á vegum Embættis landlæknis og Tannlæknafélags Íslands, þá er lögð áhersla á tannvernd og allt sem snýr að því. Petra Vilhjálmisdóttir tannlæknir í Þorlákshöfn kemur 3. febrúar í heimsókn til okkar.

## Pólskukennsla

Í janúar byrjuðum við með pólskukennslu fyrir börn af pólskum uppruna. Börnin fá pólskukennslu einu sinni í viku og er það Sylwia sem sér um kennsluna. Vonum við að þetta verði góð viðbót við starfið okkar.



### Vikan 1.-8. febrúar

- 3. febrúar Petra tannlæknir kemur í heimsókn kl. 8.30
- 3. febrúar Tröllaheimar, Hulduheimar og elstu börnin af Álfaheimum fara í heimsókn í tónlistarskólann kl. 13.30
- 6. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 6. febrúar Dagur leikskólans, opnun listasýningar kl. 15.
- 7. febrúar Dagur stærðfræðinnar.
- 7. febrúar röndóttur litadagur, gaman ef allir mæta í einhverju röndóttu eða með eitthvað röndótt á sér.
- 7. febrúar söngstund.

### Vikan 9.-15. febrúar

- 11. febrúar Félag eldri borgara í heimsókn á Hulduheima kl. 10.50.
- 13. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 14. febrúar rugldagur opið á milli deilda milli kl 10-11.
- 14. febrúar umhverfisnefndarfundur.

### Vikan 16.-22. febrúar

- 20. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 21. febrúar söngstund.
- 21. febrúar mæður og ömmur í vöflukaffi kl 14.30-15.30.

### Vikan 23. febrúar – 29. febrúar

- 24. febrúar bolludagur.
- 25. febrúar sprengidagur.
- 26. febrúar öskudagur, gaman væri að sjá sem flesta í búningum og við höldum ball í salnum.
- 27. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 28. febrúar söngstund uppákoma hjá

Með kveðju  
Elsa aðstoðarleikskólastjóri